

Skólastjórafélag Reykjavíkur



Skýrsla stjórnar SR 6. október 2006 - 7. nóvember 2008



Inngangur

Stjórn Skólastjórafélags Reykjavíkur skipuðu eftirtaldir frá 6. október 2006 til 7. nóvember 2008:

- Óskar S. Einarsson, formaður 2006-2007, varaformaður 2007-2008
- Jónína Ólöf Emilsdóttir, formaður 2007-2008, varaformaður 2006-2007
- S. Ingibjörg Jósefsdóttir, gjaldkeri
- Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, ritari
- Berglind Arndal Ásmundsdóttir, meðstjórnandi

Ný stjórn tók við á aðalfundi 6. október október 2006. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 12. október 2006. Þá var fundað með fráfarandi stjórn og farið yfir helstu verkefni. Stjórnarfundir voru alls 24 á kjörtímabilinu. Þar af var einn fundur með formanni menntaráðs Reykjavíkur, Júlíusi Vífli Ingvarssyni.

Stjórnin stóð fyrir 9 félagsfundum á tímabilinu. Fjallað var um málefni líðandi stundar og fengnir gestafyrirlesarar. Stjórn félagsins kom að öðrum fundum í samvinnu við Menntasvið. Hér á eftir má sjá nánari útlistun á fundum sem meðlimir stjórnar stóðu fyrir eða sóttu.

Stjórnin notaði sameiginlegt skráarsafn á skólanetinu þar sem ýmis gögn eru vistuð. Þar má meðal annars finna fundargerðir, lög félagsins, skýrslur og reikninga. Tölvupóstur var notaður til samskipta og þegar óskað var eftir tilnefningum fulltrúa í nefndir og ráð gildi meginreglan að leitað var til félagsmanna í tölvupósti. Fulltrúar Skólastjórafélags Reykjavíkur sitja í um 27 ráðum, nefndum og vinnuhópum. Stjórnin þakkar félagsmönnum þátttöku og góðar undirtektir við erindum undir kjörorðinu „fyrstur kemur fyrstur fær.”

Á miðju kjörtímabili skiptu formaður og varaformaður um sæti. Þá tók Jónína Ólöf Emilsdóttir við formannsembætti af Óskari S. Einarssyni sem tók varaformannssætið.

Stjórn SR skipaði í skemmtinefnd sem sá um skemmtiatriði á vorfagnaði félagsins í júní 2007. Hana skipuðu þær Jóhanna S. Vilbergsdóttir og Dagný Annasdóttir. Stjórnin þakkar þeirra framlag.

Gjaldkeri SR, S. Ingibjörg Jósefsdóttir, var ábyrgðarmaður félagsins gagnvart Hagstofu Íslands.

Stjórn Skólastjórafélags Reykjavíkur 2006 - 2008 þakkar félagsmönnum ánægjulegt samstarf og óskar félagsmönnum velfarnaðar í leik og starfi.

Fundir

Félagsfundir. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir félagsfundi, umfjöllunarefni og gestafyrirlesara. Á félagsfundum, sem haldnir voru reglulega, gafst tækifæri til umræðu félagsmanna um málefni líðandi stundar.

Dags.	Staður	Umræðuefni	Gestir
1. desember 2006	Grand Hótel	Næring skólabarna, rannsóknir á næringu	Stefanía Valdís Stefánsdóttir, Anna Sigríður Ólafsdóttir
16. febrúar 2007	Hótel Loftleiðir	Tölvunotkun barna og unglunga	Anna Margrét Sigurðardóttir, Ingunn Gísladóttir
20. apríl 2007	Grand Hótel	Sveigjanlegur námstími í grunnskólum	Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson
19. júní 2007	Kaffi Reykjavík	Vorfagnaður	Eyþór Eðvarðsson
21. nóvember 2007	Grand Hótel	Viðhorf skólastjóra til nokkurra mikilvægra þátta í skólastarfi. Niðurstöður rannsóknar frá 2006	Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson
14. desember 2007	Kiwanis salur, Engateigi 15	Jólafundur í samvinnu við Menntasvið	Dagur B. Eggertsson, Sigrún Aðalbjarnard., Anna S. Pétursdóttir
8. febrúar 2008	Hótel Loftleiðir	Ný aðalnámskrá, frumvarp um lög um grunnskóla	Guðni Olgeirsson
4. apríl 2008	Grand hótél	Kjarasamningar kennara	Kristinn Breiðfjörð
16. maí 2008	Thorvaldsen bar	Vorfagnaður	Bergþór Pálsson
7. nóvember 2008	Grand Hótel	Aðalfundur	

Aðrir fundir. Fundur varaformanns og meðstjórnanda með stjórn Skólastjórafélags Íslands 31. október 2006 þar sem rætt var almennt um kjaramál.

Fundur formanns og varaformanns með starfsmannastjóra, Ingunni Gísladóttur, og skrifstofustjóra Menntasviðs, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, um ferli varðandi handleiðslu fyrir félagsmenn haldinn 16. nóvember 2007.

Fundur stjórnar SR með stjórn Kennarafélags Reykjavíkur haldinn í desember 2006. Áhugi aðila á að efla tengsl og samráð Skólastjórafélags Reykjavíkur og Kennarafélags Reykjavíkur. Einnig var rætt um ÍTR og frístundaheimilin, stuðningsfulltrúa, skóla án aðgreiningar og endurmenntun kennara og þá sérstaklega Tölvutök.

Fundur formanns með starfshópi um einstaklingsmál í desember 2006.

Formaður sat vinnufund vegna endurskoðunar menntastefnu Reykjavíkurborgar haldinn á Menntasviði í janúar 2007.

Samráðsfundur stjórnar með formanni Menntaráðs, Júlíusi Vífli Ingvarssyni í febrúar 2007. Rætt um viðbragðsáætlanir og leiðir skólastjórnenda þegar upp kemur eiturfjandandi eða sala eiturfja í grunnskóla. Einnig var rætt um upplýsingagjöf og beinan samanburð milli skóla sem birtur yrði á heimasíðu Menntasviða Reykjavíkur.

Móttaka Menntasviðs fyrir útskriftarnema út Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands í mars 2008. Fundarstjórn og stjórn pallborðsumræðna í höndum formanns SR.

Gjaldkeri og ritari félagsins sátu fund með verkefnisstjórn verkefnisins Samkynhneigð og samfélag 8. maí 2008. Á fundinum voru ræddar vænlegar leiðir til fræðslustarfs um samkynhneigð í grunnskólum.

Formaður, varaformaður og/eða aðrir fulltrúar stjórnar SR mættu á ýmsa aðra fundi tengda starfi félagsmanna. Varaformaður sat trúnaðarmannafund Skólastjórafélags Íslands árið 2007 og formaður sama fund árið 2008.

Annað

Á fundi formanns SR, formanns Kennarafélags Reykjavíkur og Samfok var unnin sameiginleg ályktun sem lögð var fyrir menntaráð 3. september 2007. Sjá fylgiskjal 1.

Stjórn Skólastjórafélags Reykjavíkur tók þá ákvörðun í mars 2007 að hætta að gefa skólastjórum sem láta af störfum gjafir. Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á eðli og hlutverki SR. Áður var félagið óformlegur vettvangur skólastjóranda í borginni (skólastjóra og aðstoðarskólastjóra). Nú er svo komið að félagið hefur fengið stöðu stéttarfélags þar sem það er deild í SÍ sem er aftur deild í KÍ. Fátítt mun að stéttarfélög gefi félögum sínum gjafir þegar þeir láta af störfum. Jafnframt hefur félagsmönnum fjölgað mjög með tilkomu starfsheitisins deildarstjóra grunnskólum. Í ljósi þessa er ofangreind ákvörðun tekin.

Ályktun félagsmanna var samþykkt á félagsfundum þann 16. Febrúar 2007. Í henni kemur fram að félagsmenn harma að samninganefndir LN og KÍ hafi ekki náð samkomulagi um framvæmd endurskoðunarákvæðis gr. 16.1 í samingi aðila frá 2004. Áhyggjur félagsmanna SR beinast að því hvaða áhrif það muni hafa á skólahald. Sjá fylgiskjal 2.

Félagsmenn samþykktu ályktun á félagsfundum þann 4. apríl 2008 þar sem stjórnendur Reykjavíkurborgar, samninganefnd KÍ og launaneftnd sveitarfélaga voru hvött til að ljúka gerð og atkvæðagreiðslu kjarasamninga á umsömdum tíma. Þetta var gert vegna þess að félagsmenn óttuðust manneklu haustið 2008 ef þetta yrði ekki gert. Sjá fylgiskjal 3.

Ráðgjafar- og stuðningsteymi

Ráðgjafar- og stuðningsteymi fyrir skólastjórnendur störfuðu á kjörtímabilinu. Um var að ræða jafningjateymi fyrir hvern hóp skólastjóranda. Aðstoðarskólastjórar: Sesselja Eyjólfsdóttir, S. Ingibjörg Jósefsdóttir (til júní 2007) og Sesselja Þórðardóttir (til júní 2008). Agnes Björnsdóttir tók við af S. Ingibjörgu í nóvember 2007. Deildarstjórar: Berglind Arndal Ásmundsdóttir, Kristín María Ólafsdóttir og Þórunn Traustadóttir. Skólastjórar: Hildur Hafstað, Yngvi Hagalínsson og Þorsteinn Hjartarson (til mars 2007) en þá tók S. Ingibjörg við. Teymunum bárust engar beiðnir um aðstoð á tímabilinu 2006 – 2008.

Starfshópar

Félagsmenn í Skólastjórafélagi Reykjavíkur hafa setið/sitja í ýmsum starfshópum og nefndum á starfstíma stjórnar. Um er að ræða ýmsa hópa á vegum SR, Menntasviðs Reykjavíkur og annarra aðila. Margir þessara hópa hafa lokið störfum og skýrslur gefnar út.

Endurskoðendur reikninga

Vilborg Runólfsdóttir

Flosi Kristjánsson (til ágúst 2008)

Auður Stefánsdóttir varamaður (til ágúst 2008)

Björn Pétursson varamaður

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra í menntaráði

Óskar S. Einarsson 16. október 2006 – 31. október 2007

Jónína Emilsdóttir 1. nóvember 2007 – 7. nóvember 2008

Samráð skólastjóra og Menntasviðs Reykjavíkur

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Auður Árný Stefánsdóttir skólastjóri Laugalækjarskóla

Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla (hætt störfum)

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla

Börkur Vígbórsson skólastjóri Grandaskóla

Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla

Valgerður Selma Guðnadóttir skólastjóri Húsaskóla

Sitjandi formaður situr samráðsfundi.

Börn in í borginni

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Jónína Ólöf Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

Samstarf ÍTR og menntasviðs um rekstur frístundaheimila

Óskar S. Einarsson skólastjóri Fossvogsskóla

Verkefnahópur sem hefur það hlutverk að móta reglur Menntasviðs Reykjavíkurborgar um yfirfærslu á afgangi og halla

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla

Mötuneytismálið mikla

1. Verkefnahópur sem hefur það hlutverk að endurskoða innleiðingu á nýja mötuneytiskerfinu

Þorsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla

Valgerður Selma Guðnadóttir skólastjóri Húsaskóla

Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri Langholtsskóla

2. Verkefnahópur sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að samræmdri gjaldsskrá mötuneytanna

Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

Inga Þórunn Halldórsdóttir skólastjóri Borgaskóla

Starfshópur um fræðslufundi fyrir kennara

S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla

Starfshópur um viðbrögð við óveðri

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri Foldaskóla

Aðgerðir vegna PISA

Árný Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

Kennsla nemenda með félags-, tilfinninga- og hegðunarraskanir í almennum grunnskóla, sérdeildum og sérskóla

Björk Jónsdóttir skólastjóri Brúarskóla

Reynir Daníel Gunnarsson skólastjóri Ölduselsskóla

Fulltrúar á skólaþing sveitarfélaga 30. nóv. 2007. FRAMTÍÐARSKÓLINN

Hilmar Hilmarsson skólastjóri Réttarholtsskóla

Kristjana Halldórsdóttir aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla

Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lesröskun

Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla

Starfshópur um úrbætur vegna kennslu þroskahamlaðra nemenda í almennum grunnskólum

Katrín Hjálmarsdóttir deildarstjóri sérkennslu í Rimaskóla

Starfshópur um undirbúning sérdeildar fyrir þroskahamlaða nemendur

Jóhanna Vilbergsdóttir skólastjóri Engjaskóla

Jónína Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

Skóli á nýrri öld. Ráðstefna haldin 6. febrúar 2008

Árdís Ívarsdóttir aðstoðarskólastjóri Borgaskóla

Brynhildur Ólafsdóttir Álftamýrarskóla

Vinnuhópur um mótun nýrra grunnskóla í Úlfarsárdal

Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla (hætt störfum)

Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla

Undirbúningshópur fyrir námskeið um skólastjórnun

Vinnudagar með Dave Anderson

Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri Laugarnesskóla

Eygló Friðriksdóttir skólastjóri Sæmundarskóla

Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla

Sigurlaug H. Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri Hamraskóla

Fulltrúi í úthlutunarnefnd styrkja á vegum menntaráðs Reykjavíkur

Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

Starfshópur á vegum Menntasviðs Reykjavíkur um aðgerðir til að bæta hegðun og samskipti í skólum

Þorsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla

Fulltrúi í undirbúningsnefnd vegna ráðstefnu á vegum ADHD

Kristrún Guðmundsdóttir skólastjóri Hlíðaskóla

Fulltrúa í úthlutunarteymi fyrir sérkennslu

Reynir Daníel Gunnarsson skólastjóri Ölduselsskóla

Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla

Móta vinnureglur þegar nemendur ljúka 9. bekk og hefja nám í framhaldsskóla

Jónína Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

Fulltrúi í fagraði um skólamötuneyti

Guðrún Erla Björgvinsdóttir aðstoðarskólastjóri Engjaskóla

Kemur inn í febrúar 2007 vegna forfalla Sigþórs Magnússonar

Samráðshópur Menntasviðs og ÍTR

Þorsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla

Guðmundur Þór Ásmundsson skólastjóri Laugarnesskóla (hættur störfum)

Ágústa Bárðardóttir deildarstjóri Klébergsskóla (hætt störfum)

Jóhanna Vilbergsdóttir skólastjóri Engjaskóla

Starfshópur um sérfræðiþjónustu grunnskóla

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla

Vinnuhópur um málefni innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkur

Þorsteinn Hjartarson skólastjóri Fellaskóla (hættur störfum)

Vinnuhópur vegna endurskoðunar menntastefnu Reykjavíkurborgar

Jóhanna S. Vilbergsdóttir skólastjóri Engjaskóla

Þórunn Kristinsdóttir aðstoðarskólastjóri Hvassaleitisskóla

Kristín Jóhannesdóttir aðstoðarskólastjóri í Fellaskóla

Eygló Friðriksdóttir aðstoðarskólastjóri Sæmundarskóla

Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri Langholtsskóla

Óskar S. Einarsson skólastjóri Fossvogsskóla

Starfshópur um samstarf kirkju og skóla

Vilborg Runólfsdóttir aðstoðarskólastjóri Laugarnesskóla

Skóli á nýrri öld. Ráðstefna haldin 21. febrúar 2007

Árdís Ívarsdóttir aðstoðarskólastjóri Borgaskóla

Sigríður Heiða Bragadóttir aðstoðarskólastjóri Ölduselsskóla

Viðauki

Fylgiskjal 1

Sameiginleg ályktun Kennarafélags Reykjavíkur, Skólastjórafélags Reykjavíkur og SAMFOK lögð fyrir menntaráð 3. September 2007.

„Kennarafélag Reykjavíkur, Skólastjórafélag Reykjavíkur og SAMFOK lýsa yfir áhyggjum vegna þess álags sem starfsmenn skólanna eru undir nú á fyrstu vikum skólastarfs. Álag þetta er afleiðing af þeim skorti á kennurum og öðru starfsfólki sem grunnskólarnir í Reykjavík stóðu frammi fyrir í aðdraganda skólabyrjunar. Er það enn fremur áhyggjuefni hvaða afleiðingar þetta ástand hefur fyrir það faglega starf sem fram fer innan skólanna og þá þjónustu sem skólunum er ætlað að veita.

Greinargerð:

Við upphaf núverandi skólaárs var ekki búið að fullmanna grunnskóla Reykjavíkur hvorki með kennurum né öðru starfsfólki og ljóst að í óefni stefndi. Leitað var til þeirra kennara og starfsmanna sem fyrir voru um aðstoð við að leysa starfsmannavandann svo hægt væri að hefja kennslu á réttum tíma.

Stjórnendur grunnskólanna og starfsfólk hafa lagt mikið á sig til að leysa þetta verkefni.

Dæmi eru um að kennarar hafi verið beðnir um að bæta við sig kennslu, allt upp í 40 tíma á viku, skólastjórar og aðstoðarskólastjórar hafi bætt við sig verkefnum eins og kennslu og matarskömmun, sérkennarar hafi verið teknir úr sérkennslu og settir í umsjón og sérkennslu jafnvel sleppt í sumum skólum. Enn frekar eru dæmi um að deildarstjórar hafi verið settir í umsjón, bekkir sameinaðir, ræstingar færðar út fyrir skólatíma og jafnvel settar á annan hvern dag.

Þorgerður Diðriksdóttir formaður KR

Óskar S. Einarsson formaður SR

Bergþóra Valsdóttir framkvæmdastóri SAMFOK

Fylgiskjal 2

Fundur Skólastjórafélags Reykjavíkur haldinn að Hótel Loftleiðum 16. febrúar 2007.

Skólastjórafélag Reykjavíkur harmar að samninganefndir LN og KÍ (FG /SÍ) hafa ekki náð samkomulagi um framkvæmd endurskoðunarákvæðis greinar 16.1 í samningi aðila frá 17.11.2004.

Félagið lýsir yfir áhyggjum sínum komist aðilar ekki að sameiginlegri niðurstöðu varðandi endurskoðunina, en fátt bendir til þess að sátt sé innan seilingar. Áhyggjur skólastjórnenda í Reykjavík beinast fyrst og fremst að því hvaða áhrif deilan hefur á allt skólahald og gerir það erfiðara bæði varðandi starfsmenn og nemendur.

Nú er undirbúningur stjórnenda að skipulagningu næsta skólaárs að hefjast m.a. með starfsmannaviðtölum við kennara. Öllum má ljóst vera hvaða áhrif deilan hefur á afstöðu kennara til vinnuveitandans og starfsins. Almennur fundur í Skólastjórafélagi Reykjavíkur skorar á samninganefndirnar að taka þráðinn upp að nýju og freista þess að ná samkomulagi sem tryggir starfsfrið innan grunnskólans. Jafnframt verði teknar upp viðræður milli aðila sem hafi það að markmiði að finna sameiginlega lausn í kjaramálum áður en gildistíma samningsins lýkur, til að forða því að sagan frá 2004 endurtaki sig á næsta ári.

Fylgiskjal 3

Formaður Menntaráðs,
Júlíus Vífill Ingvason
Menntaráð
Fríkirkjuvegi 1
101 Reykjavík

Félagsfundur í Skólastjórafélagi Reykjavíkur, haldinn föstudaginn 4. apríl 2008 á Grand Hótel hvetur sammingsaðila til að halda áætlun og ljúka samningum fyrir 1. maí. Dragist samningarnir á langinn er hætta á að kennarar hverfi úr starfi með þeim afleiðingum að skólarnir verði ekki mannaðir næsta haust.

F.h. Skólastjórafélags Reykjavíkur,
Jónína Ó. Emilsdóttir formaður

Afrit sent:
Formanni launanevndar sveitarfélaga
Formanni viðræðunefndar LN V/KÍ samninga

LÖG FYRIR SKÓLASTJÓRAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Skólastjórafélag Reykjavíkur og er deild í Skólastjórafélagi Íslands.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Hlutverk félagsins er

2. gr.

- a) Að fara með málefni félagsmanna í Skólastjórafélagi Reykjavíkur.
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna.
- c) Að stuðla að umbótum í fræðslu- og uppeldismálum í Reykjavík.
- d) Að vinna að aukinni menntun félagsmanna.
- e) Að stuðla að kynningu milli félagsmanna og efla faglega umræðu meðal þeirra.
- f) Að efla skólastarf í Reykjavík í hvívetna og kynna það sem best.
- g) Að annast tengsl við sambærileg félög innanlands sem erlendis og stuðla að samskiptum við aðrar þjóðir.

Aðild að félaginu eiga

3. gr.

Aðild að félaginu eiga þeir félagar Skólastjórafélags Íslands sem starfandi eru í grunnskólum í Reykjavík.

Aðalfundur

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda annað hvert ár í október. Til fundarins skal boðað með eins mánaðar fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagsmenn. Einum mánuði fyrir aðalfund auglýsir stjórn félagsins eftir framboðum til stjórnar.

Tillögur skulu hafa borist stjórn, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Dagskrá aðalfundar

5. gr.

- a) Fundarsetning og skipan fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar.
- c) Reikningar lagðir fram.
- d) Lagabreytingar.
- e) Kosningar:
 - Kosning skoðunarmanna reikninga.
 - Kosning formanns og varaformanns.
 - Kosning þriggja meðstjórnenda.
- f) Önnur mál.

Kosningar

6. gr.

- a) Kjósa skal sérstaklega formann og varaformann. Auk þeirra skal kjósa þrjá meðstjórnendur sem skipta með sér verkum.
- b) Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.
- c) Kjósa skal bundinni leynilegri kosningu, ef stungið er upp á fleirum en kjósa á. Að öðrum kosti teljast þeir sjálfkjörnir sem tilnefndir hafa verið.

Stjórn

7. gr.

Stjórn félagsins skipa *fimm menn*, kjörtímabil stjórnar er tvö ár og eru stjórnarmenn kjörnir á aðalfundi félagsins. Að frátöldum formanni og varaformanni skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórn heldur stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir.

Almennir félagsfundir

8. gr.

Stjórn Skólastjórafélags Reykjavíkur boðar til almennra félagsfunda. Skyld er að boða til almenns fundar ef 10% eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Um gjörðabækur

9. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundum og undirritaðar af ritara og formanni. Fundargerðir stjórnar og nefnda skulu birtar félagsmönnum á aðgengilegan hátt t.d. með netpósti.

Fjárreiður og bókhald

10. gr.

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram reikninga undirritaða af skoðunarmönnum félagsins. Auk þess skal hann gefa stjórn yfirlit yfir stöðuna a.m.k. einu sinni á ári.

Lagabreytingar

11. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn þrem vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atvæða.

Gildistaka

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar aðalfundur Skólastjóraráfélags Reykjavíkur hefur samþykkt þau.

Lög þessi einróma samþykkt á aðalfundi Skólastjóraráfélags Reykjavíkur 6. október árið 2006